



Á myndinni má sjá Eypór H. Ólafsson, forseta bæjarstjórnar, Sævar Þór Helgason, skólustjóra, Öldu Pálsdóttur, formann fræðslunefndar, Rannveigu Eir, Sigurjón Jóhannsson, húsvörð og Helga Húbert Sigurjónsson, fulltrúa nemenda taka fyrstu skóflustungu að nýbyggingunni. Mynd: Dagskráin/GPP

## Skóflustunga að viðbyggingu Grunnskólans í Hveragerði

Tekin var skóflustunga að nýrri viðbyggingu við Grunnskólann í Hveragerði þann 22. apríl sl. Það var Reirverk ehf. sem átti lægsta tilboðið í verkið eða ríflega 390 m. kr. Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Rannveig Eir Einarsdóttir frá Reirverki sátu í tveggja metra fjarlægð hvor frá annarri við undirritun verksamningsins. Samkomu-

takmarkanir og tveggja metra reglan settu svip sinn á samkomuna. Þrátt fyrir það var veðrið með besta móti og gleði var með framkvæmdirnar en þær eru með stærrri framkvæmdum sem sveitarfélagið hefur ráðist í.

Það er dr. Maggi Jónsson sem er arkitekt og aðalhönnuður verksins, en hann hefur áður komið að því að hanna viðbyggingar við Grunnskóla

Hveragerðis. Hönnunarstjóri var Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur. Kári Sveinbjörn Gunnarsson og Efla verkfræðistofa sáu um verkfræðihönnun.

### Skólamörk lokar og lóðin tengist lystigarðinum

Byggingin mun verða á tveimur hæðum og tengjast inn í lystigarðinn Fossflöt. Alls er um að ræða 750 m<sup>2</sup> að gólfleti. Byggingin verður staðsteypt, klædd að utan með sléttri álklaðningu. Loftplata verður steypt með viðsnúnu þaki. Alls er um að ræða 6 kennslustofur ásamt skemmtilegum rýmum sem munu nýstast til fjölbreyttra kennsluhátta. Innifalið í framkvæmdunum eru lóðaf framkvæmdir, stígar, gangstéttir og allur frágangur til norðurs ásamt tengingum við lystigarðinn. Við breytinguna mun Skólamörk lokast. Aðkoma að Sundlauginni í Laugaskarði verður því með nýjum hætti til framtíðar. Verklök eru áætluð í júlí 2021. -gpp



Aldís Hafsteinsdóttir og Rannveig Eir skrifa undir.

## Æsa Guðbjörg 100 ára

### Heilsan sæmileg þótt sjónin sé farin að daprast

Í dag, þann 29. apríl er Æsa Guðbjörg Guðmundsdóttir 100 ára. Hún fæddist að Egilsstöðum í Villingaholtsheppi þann 29. apríl 1920. Æsa er sú þriðja yngsta í hópi tíu systkina sem öll eru látin, en úr þessum systkinahópi er Æsa önnur til að ná hundrað ára aldri. Hún ólst upp á hefðbundnu sveitahemili, en foreldrar hennar voru Guðmundur Ágúst Eiríksson, bóndi og Kristín Gísladóttir, húsfreyja. Skólaganga Æsu Guðbjargar var með þess tíma hætti en hún sótti farskóla að Forsæti, Kolsholti og Villingaholti í sömu sveit fram að fermingu. Annarri menntun var ekki til að dreifa.



Æsa Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Árið 1954 flutti Æsa með fjölskyldu sinni á Selfoss. Foreldrar hennar brugðu þá búi á Egilsstöðum. Hún hefur síðan búið á Selfossi. Þar hélt hún heimili með foreldrum sínum, en lengst af með Guðjóni bróður sínum, en hann lést 2001. Þau Guðjón bjuggu um árabíl í sambýli með Kristínu bróðurdóttur sinni og hennar fjölskyldu. Síðan 2009 hefur Æsa búið á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi.

### Stálminnug og afkastamikil þrjónakona

Æsa hefur fram til þessa tíma verið við sæmilega heilsu þó sjón og heyrn séu farin að daprast. Æsa hefur ávallt verið hæglat í fasi, lengst af stálminnug á liðna tíma, nöfn og afmælisdaga ættingja, vina

og samferðamanna. Áhugamál hennar í gegnum tíðina hafa snúið að þrjónaskap, enda var Æsa afkastamikil þrjónakona og seldi meðal annars lopapeysur um langt árabíl. Þá eiga margir ættingjar og vinir eftir hana þrjónles og þrjónaða ullarsokka.

### Ættingjar senda pakka og blóm

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu geta ættingjar og vinir ekki fagnað með henni á afmælisdeginum, en munu fagna með henni um leið og tækifæri gefst.

Starfsfólk Ljósheima mun að sjálfsögðu brydda upp á einhverju og gera sér dagamun í tilefni dagsins. Dagskráin sendir Æsu og ættingjum hennar bestu afmæliskeðjur.

-gpp

## Fáðu fagmann í verkið

### Snögg og góð þjónusta

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Arvirkinn**

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is



DFS TV má finna inni á [DFS.is](https://dfs.is),  
fréttavef Dagskrárinnar.

**UNDRALAGNIR**  
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768  
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM  
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAEMEISTARI

## Mætt aftur til starfa!



Ég mun hefja störf á hársnyrtistofunni Bylgjum og börtum þann 4. maí nk. Ég býð nýja jafnt sem eldri viðskiptavini hjartanlega velkomna til mín.

Þið getið bókað tíma hjá mér í síma 869 7031, á vefsíðunni [www.noona.is/bylgjurogbartar](https://www.noona.is/bylgjurogbartar) eða í gegnum Noona-appið.

Kærleikskveðja,

**Rebekka Kristinsdóttir**



## Hrós vikunnar

**Guðrún Guðnadóttir**

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



**Guðrún Guðnadóttir**

Takk Gugga mín fyrir að skora á mig, alltaf góð. Ég ætla að hrósa henni **Guðfinnu Ólafsdóttur**, formanni Félags eldri borgara á Selfossi, fyrir hversu vakandi hún er um velferð félagsmanna sinna, er sífellt að upplýsa og fræða okkur öll. Hún er góður og röggur samur formaður.

**Guðrún Guðnadóttir**

Ég ætla að skora á vinkonu mína hana Kolbrúnu Svavarsdóttur að koma með hrós næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Kolbrún, sendu okkur hrósið á netfangið [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is). Ekki væri verra að fá mynd með :)



# Efnahagsaðgerðir í þágu Suðurlands

Þegar ráðist er í jafn umfangsmiklar efnahagsaðgerðir og ríkisstjórnin hefur nú gert í tveimur þrepum og stórir atvinnuvegir eins og ferðaþjónustan hafa nær stöðvast er auðvelt að sjá hið smáa en ekki hið stóra. Það er heildarsambengið sem skiptir máli og hvernig mismunandi aðgerðir spila saman og veita stuðning þar sem hans er þörf.

Þrátt fyrir að margar stærstu efnahagsaðgerðirnar séu ekki merktar tilteknum geirum eða landssvæðum þá er ekki þar með sagt að þær séu ekki hugsaðar til að mæta einmitt þeim. Meginþungi aðgerðanna og tugmilljarðarnir allir fara að langstærstum hluta í sjálfar efnahagsaðgerðirnar, þ.e. hlutastarfaleiðina, lokunarstyrki til fyrirtækja sem var gert að hætta starfsemi vegna sóttvarna, brúarlána til atvinnulífs, laun í sóttkví og önnur úrræði af þeim toga. Þessi úrræði nýtast best þar sem þörfin er mest. Þannig er það til dæmis ferðaþjónustan sem hefur að stærstum hluta nýtt sér úrræði stjórnvalda og sömuleiðis hafa atvinnuveitendur á Suðurlandi og Vestmannaeyjum getað nýtt sér þau fyrir sitt starfsfólk. Það kemur í ljós að aðgerðir stjórnvalda virka þótt eðli þeirra og aðstæður sé auðvitað með þeim hætti að ekki geti vakið ánægju hjá nokkrum manni.

### Bæði vörn og sókn

Aðgerðir stjórnvalda miða að því að verja það sem varið verður en líka að nota þennan tíma til að sækja fram. Alls kyns hvatar hafa verið settir inn í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulífið, m.a. var gildandi heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði hækkuð og útvíkkuð á tímabilinu 1. mars til og með 31. desember 2020. Heimildin var m.a. látin taka til frístundahúsnæðis og samhliða var mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum,

þjörgunarsveitum o.fl. veitt heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna sem innt er af hendi á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið væru í eigu þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er talið raunhæft markmið að sveitarfélög geti ráðist í 15 milljarða króna flýti framkvæmdir til þess að bregðast við efnahagsástandinu, á Suðurlandi og Vestmannaeyjum eru sveitarfélögin að skoða þá möguleika sem þau hafa til að auka við framkvæmdir en mörg þeirra standa ágætlega til að mæta þeirri áskorun að bæta nú í fjárfestingar. Til þess að liðka fyrir markmiði sveitarfélaga um flýti framkvæmdir er nú lagt til að sveitarfélög eða stofnanir og félög sem alfarið eru í eigu þeirra, öðlist tímabundinn rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á öðru húsnæði en íbúðar- og frístundahúsnæði, sem alfarið er í eigu þeirra. En það er líka dæmi um gríðarlegt atvinnuleysi og lítið svigrúm til fjárfestinga hjá nokkrum sveitarfélögum á Suðurlandi sem ríkisvaldið verður að skoða sérstaklega.

### Sértækur stuðningur við sveitarfélögin

Í frumvarpi til fjárukalaga er lagt til að fjárheimildir mál-efnasviða verði auknar um samtals 13.210 m.kr., þar af um 8,4 ma. kr. í félagslegar aðgerðir þar sem ein fjárheimild lýtur að sértækum stuðningi til sveitarfélaga, samtals 1 ma. kr. Þar vegur þyngst tillaga um að verja 600 m.kr. til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila, þannig að öll börn geti stundað íþróttir og aðrar tómstundir óháð efnahag í sumar. Nýlega veittu stjórnvöld 500 m.kr. til íþrótt- og æskulýðsstarfs sem



Ásmundur Friðriksson

Alþingismaður

tryggja á stuðning við rekstur og starfsemi þeirra aðila sem því sinna. Með þessum aðgerðum er reynt að sporna við því að um 8 þúsund börn um land allt heltist úr tómstundastarfi þegar þrengir að fjárhag fjölskyldna á þessum erfiðu tímum. Þá er rétt að minna á að hlutabótaleiðin hefur gagnast starfsmönnum íþróttafélaga sem þar eru í fullu starfi. Nú er verið að kanna hvernig megi mæta hlutastörfum hjá íþróttahreyfingunni sem oft er annað starf viðkomandi starfsmanns og fellur ekki beint að lögum um hlutastarfaleiðina.

Þrátt fyrir að stjórnvöld noti allt sitt afl til að milda höggið af þeim miklu erfiðleikum sem nú ganga yfir fólk og fyrirtæki er alveg ljóst að hvergi í heiminum verður hægt að stoppa upp í það mikla gat sem myndast í atvinnulífinu þegar stórir, öflugir atvinnuvegirinn leggja tímabundið í frost. Við verðum að standa saman og efla Ísland með því að ferðast innanlands og beina viðskiptum okkar að íslenskri vöru og þjónustu. Við verðum líka að muna að veiran drepur ekki sterka innviði okkar, hugvit og athafnamennsku. Suðurland er helsta ferðamanna- og matvælaframleiðslusvæði landsins og það er skylda okkar að standa vörð um mikilvægi þessara greina. Áætluð Herjólfur er lykkillinn að ferðaþjónustunni í Eyjum og það verður að tryggja þær samgöngur sem Landeyjahöfn gefur kost á og hefur gengið betur en bjartsýnustu menn gátu vonað. Afkomu Herjólfur verður að tryggja með öllum ráðum. Þó við bognum um tíma þá brotnum við ekki. Saman höfum við sigur þegar upp er staðið.



## Vorhreinsun undir Eyjafjöllunum

Laugardaginn 18. apríl síðlastliðinn stóð Ungmennafélagið Trausti fyrir vorhreinsun meðfram þjóðveginum undir Vestur-Eyjafjöllum í Rangáringi eystra.

Þó veðrið hafi ekki leikið við íbúa undir Eyjafjöllum þann daginn tóku um 50 manns þátt og sýndu hvað í þeim byr, en yfir daginn safnaðist saman rusl sem fyllti tæplega einn gám.

En þess má geta að hópurinn vann hver á sínu svæði og virti því að sjálfsgöðu reglur um samkomubann og tveggja metra reglur.

Þetta er í þriðja sinn sem Umf. Trausti stendur fyrir hreinsun sem þessari en þess má geta að þegar hreinsað var í fyrsta skipti var um þriðjung meira rusl. Svæðið sem hreinsað var nær frá Varmahlíð í austri og vestur

að A-Landeyjamörkum. Einnig voru hreinsaðir hliðarvegir innan Vestur-Eyjafjalla.

Ungmennafélagið skorar á önnur félög sem og einstaklinga til að nýta vorið í að hreinsa nærumhverfi sitt og efna til hreinsunardags enda Dagur umhverfisins á næsta leiti.

Förum inn í sumarið með hreint í kringum okkur og veirulaus.



#minbarátta

# Til hamingju með daginn!

## 1. maí er baráttudagur verkalýðsins

Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla.

**Þínar kröfur – okkar barátta!**





# Fyrsti maí 2020

Ég vil byrja á að óska öllu vinnandi fólki til hamingju með hátíðisdag verkalýðsins 1. maí

Við þessar fordæmalausu aðstæður hefur berlega komið í ljós hve veikt þeir standa sem á einhvern hátt standa utan þess skipulags sem verið hefur um vinnuarkaðinn á Íslandi. Við sáum þetta líka eftir hrúnið 2008 en við bárum ekki gæfu til að læra af þeirri reynslu.

Vinnuarkaðurinn á Íslandi hefur lengst af verið vel skipulagður og nokkuð skýrar línur milli atvinnrekenda annarsvegar og launafólks hinsvegar. Að auki hafa nokkrir hópar sem ekki heyra beint undir vinnuarkaðinn notið góðs af þessu skipulagi. Öruglega er margt við þetta skipulag að athuga en þó hefur ríkt nokkuð góð sátt um það, allavega hafa ekki komið fram tillögur um að breyta neinu sem nemur.

Á síðustu árum hafa samt ýmsir viljað hreyfa við þessu fyrirkomulagi og þá gjarna í nafni frelsisins til að ákveða sjálfir hvort þeir vilji eða vilji ekki bindast félagi eða samtökum. Samtök atvinnurekenda hafa leynt og ljóst lagt sitt á vogarskálarnar og fyllt mikilli frelsisást fyrir hönd starfsmanna sinna í þessum efnun og ekki talið nauðsynlegt að starfsmenn þeirra tengdust stéttarfélagi, hvað þá að þeim hafi þótt skipta máli hvort starfsmenn tengdust réttum stéttarfélögum. Þrátt fyrir mikla rekistefnu stéttarfélaganna hefur reynst erfitt að fá samtök atvinnurekenda og einstaka fyrirtæki til að leika eftir þeim leikreglum sem við höfum þó lengst af verið ásátt um. Á þessu hefur meira og meira borið hin allra síðustu ár enda mikið

góðæri og mikið að gera í að selja ferðamönnum þjónustu, gistingu og mat og byggja nýjar glæsihallir og hótél og varla tími til að sinna svoleiðis kvabbi og ekki hafa fyrirtæki alltaf haft fyrir því að fylgja almennum mannaþótti og mannúðarsjónarmiðum í kappi sínu. Umræða um launþjófnað og slæmt atlati erlendis verkalýðs er öllum kunn. Stéttarfélagin hafa átt fullt í fangi með að heimta leiðréttingar til launafólks sem ekki hefur verið borgað eftir samningum.

Við aðstæður eins og nú ríka kemur í ljós að eina frelsið sem fólk var að tryggja sér með því að vilja ekki „vera memm“ í þessu fyrirkomulagi er að fylla hvergi inn í þau skilyrði til aðstoðar sem þó í boði er. Það er dapurlegt og maður má spyrja sig hver eigi að taka ábyrgð á því. Eins og áður sagði þá kom þetta líka í ljós 2008 þegar kjör verkalýðs voru sett niður í algert lágmark. Þá áttu þeir einir málsvara sem greitt höfðu til stéttarfélaganna. Aðrir þurftu sjálfir að berjast fyrir sínu en bera skaðann ella.

Gildi samstöðunnar kemur best í ljós við aðstæður þar sem grunnstoðir samfélagsins bogna eða láta undan. Þá sést best hversu mikilvægt er að eiga sér málsvara, tilheyra samtökum þeirra sem glíma við sama raunveruleika og maður

Hjalti Tómasson

Báranni, stéttarfélagi



sjálfur. Að standa einn við slíkar aðstæður er ekki gott. Það fáum við að sjá núna. Það virðist vera sem stjórnmöld eigi erfitt með að ákveða hvað skuli gera við þá sem falla utan rammans.

Lærdómurinn sem við, venjulegt launafólk, þurfum að draga af því sem gerst hefur síðustu mánuðina er að samstaða og almenn þátttaka í samtökum launafólks er besta verndin sem við mögulega getum veitt sjálfum okkur og öðrum. Við gætum í einhverjum tilvikum þurft að förna stundarhagsmunum en flestir ættu að vera búnir að sjá hvað getur gerst ef fólk ákveður að taka ekki þátt eða vera hluti af þeirri samtryggingu sem samtök stéttarféлага veitir.

Þennan lærdóm ættu einnig stjórnmöld og atvinnurekendur að tileinka sér því ljóst er að eftir að ástandið fer að lagast munu mörg fyrirtæki fá bakreikninga og stjórnmöld munu sitja uppi með að hafa ekki veitt öllum þegnum landsins þá vernd sem þeim ber.

Við skulum hafa það hugfast að það eru alveg eins líkur á að svona ástand skapist aftur. Í það minnsta treysta vísindamenn sér ekki til annars en að reikna með því og hvetja til mikilla aðgerða í framhaldinu til að tryggja að við verðum ekki aftur tekin í bólinu þegar næsti faraldur fer af stað.

Byggjum réttlátt þjóðfélag!



## Knúsarinn - hönnunarsamkeppni!

Krabbameinsfélag Árnessýslu efnir til hönnunarsamkeppni á þrjúnuðum eða hekludum bangsa sem mun gegna stóru hlutverki innan félagsins. Bangsinn mun hafa það hlutverk að bera hlýju og kærleika til þeirra sem fá hann að gjöf og veita huggun á erfiðum tímum. Hönnuðir skila uppskrift og einum fullbúnun Knúsara

fyrir 26. maí nk. og sigurvegari keppningar verður krýndur á aðalfundi félagsins þann 27. maí 2020. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir sigurhönnunina.

Hugmyndum má skila þann 26. maí milli kl. 11:00 og 13:00 til Krabbameinsfélags Árnessýslu að Eyravegi 23 á

Selfossi eða hafa samband í síma 788 0300 varðandi annan skilátíma. Farið verður með allar hugmyndir í fullum trúnaði og þeim hugmyndum sem ekki hljóta verðlaun verður skilað aftur til sinna hönnuða.



Krabbameinsfélag Árnessýslu, sími 788 0300

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, shk@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Ég er víða efst og fremst í eggjum fjalla.  
Hæurnar mér fyrir falla.  
Fáir nota mig á skalla.

Svar við gátu í blaði 2544: SPADI.  
1. lína: Skrúfuspaði - 2. lína: Stunguspaði  
3. lína: Spaði í spílum



Anna Birna Þráinsdóttir er matgæðingur vikunnar.



Uppskrifin sem ég ætla að leyfa lesendum að spreyta sig á er einföld en gamall og góður islenskur réttur / kaka. Dóttir mín er búin að panta eftirfarandi kjötrétt og köku í brúðkaupsveislu sína, hvenær svo sem hún finnur hinn rétta.

**Kjöt í karry**

**Kjötið**

Súpukjötsbitar og/eða niðursagaðar lambaframparts-sneiðar (þó ekki mjög þunnt niðursagað) soðnar í vatni í ca. 1-1½ klst. þannig að vatnið varla fljóti yfir kjötið sem hefur verið raðað þétt í pottinn. 1 lambakjötkrafteningur á móti 2 lítrum af vatni. 1 msk. salt á móti 2 lítrum af vatni, lárviðarlauf og piparkorn ef vill.

**Sósan**

Þegar kjötið er fullsoðið þá er soðið af því sett í annan pott til sósugerðar a.m.k. 2 msk. karry í 1 lítra (atriði að spara ekki karryið). Bragðbætt ef þarf með salti, pipar eða lambakjötskrafti. Þykkt með smjörbollu eða hristum hveitjafningi. Ef soð er afgang er stranglega bannað að henda því; það skal frysta og notast í t.d. súpugerð.

Snætt með hrísgrjónum og kartöflum.

Kjöt í karry er snilldar afgangamatur en þá er kjötið sem eftir er fitu- og beinhreinsað og brytjað út í upphitaða afgangssósuna.

**Sjónvarpskaka (skólakaka)**

**Kakan**

2 egg

1½ dl strásykur

¾ dl mjólk  
1 msk. smjör  
1½ dl hveiti  
1 tsk. lyftiduft  
1 tsk. vanilludropar

Hitið mjólkina að suðu og bræðið smjórið í mjólkinni. Þeytið egg og sykur þangað til létt og ljóst (þeytið eggin litlilega fyrst og bætið svo sykrinum út í smá saman). Blandið heitri mjólkinni og smjörinu varlega saman við, því næst lyftidufti og vanilludropum og síðast hveitinu (best ef hægt er að sigta það ofan í deigið).

**Kókoskremið**

3 msk. smjör  
3 msk. púðursykur  
2 msk. mjólk eða rjómi  
5 msk. kókosmjól

Öllu blandað saman í pott, brætt eða soðið saman í stutta stund. Setjið deigið í ca. 20 cm hringform. Bakað í ca. 8-10 mín. eða þangað til deigið er rétt gegnumbakað (stingið þrjóni í og ef hann kemur hreinn upp þá er kakan gegnumbökun). Passa vel að baka hana ekki of lengi. Kakan tekin úr ofninum, kreminu smurt varlega á og bökun aftur í um 3 mín.

Ég skora á Sigurð Hjaltsted matreiðslumann á Mið-Grund að koma fram með einhvern töfrarétt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku\*

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

\*samkvæmt Gallup-könnun október - nóvember 2018



# 1. maí 2020



Fram, þjáðir menn í þúsund löndum  
sem þekkið skortsins glímutök!  
Nú bárum frelsis brotna á ströndum  
boða kúgun ragnarök.  
Fúnar stoðir burtu vér brjótum.  
Bræður! Fylkjum liði í dag.  
Vér bárum fjötra, en brátt nú hljótum  
að byggja réttlátt þjóðfélag.

Pó að framtíð sé falin,  
grípum geirinn i hönd,  
því Internationalinn  
mun tengja strönd við strönd.

*Kæru félagar og aðrir landsmenn!  
Til hamingju með daginn. Við höldum  
ótrauð áfram og „byggjum réttlátt þjóðfélag“*

## Báran, stéttarfélag

Vegna Covid-19 falla hin hefðbundnu hátíðarhöld niður en  
við viljum benda á Rúv kl. ca. 19:40 föstudagskvöldið 1. maí.

Útsending frá sérstakri skemmti- og baráttusamkomu sem flutt  
er í Hörpu í tilefni alþjóðlegs baráttudags launafólks 1. maí.  
Landsþekktir tónlistarmenn, skemmtiatriði og hvatningarorð frá  
forystu verkalyðshreyfingarinnar einkenna þennan sögulega  
viðburð. Að dagskránni standa eftirfarandi heildarsamtök  
launafólks: ASÍ, BHM, BSRB og KÍ.





Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra

## Mat á umhverfisáhrifum

### Drög að tillögu að matsáætlun

Hólaskarð ehf. vinnur að mati á umhverfisáhrifum efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra í samvinnu við Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) í Borgarnesi. Áætluð efnistaka er um 630.000 m<sup>3</sup> og samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er framkvæmdin matskyld, með vísan í tölu 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Nú liggja fyrir drög að tillögu að matsáætlun og gefst almenningi kostur á að koma á framfæri athugasemdum við þau fram til 18. maí 2020. Eftir þann tíma verður tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun til afgreiðslu, sbr. 17. gr. rgl. nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Í drögum að tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd lýst, greint frá helstu áhrifaþáttum framkvæmdarinnar og tilgreint hverjir þeirra verði í brennidepli í matinu.

Allir geta kynnt sér tillögudrögin á vefsíðum Hólaskarðs ehf. ([www.holaskard.is](http://www.holaskard.is)) og Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. ([www.environment.is](http://www.environment.is)). Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast í síðasta lagi 18. maí 2020 á netfangið [stefan@environice.is](mailto:stefan@environice.is) eða í pósti á heimilisfangið:

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.  
v/ efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes



## Byggjum réttlátt þjóðfélag

Gleðilegt sumar og til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks 1. maí.

Þegar skrifað var undir kjarasamninga á almennum markaði síðastliðið vor (2019) óraði engan fyrir því að við stæðum frammi fyrir þeim áskorunum sem við gerum nú. Þetta kemur við okkur öll og erum við enn að máta okkur inn í þessa stöðu. Aðrar eins atvinnuleysisstölur hafa ekki sést, launafólk er að missa vinnuna, það má ekki heimsækja fólk, ekki vera í fjölmenni, ekki fara utan og svona má lengi telja. Almennt er þjóðin að standa sig vel í þessu öllu sem kemur ekki á óvart með frábæra framvarðarsveit sem fer yfir þetta með þjóðinni á hverjum degi.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) er stærsta fjöldahreyfing launafólks í landinu sem stendur fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og vörð um réttindi þeirra. Það liggur því í hlutarins eðli að af nógu er að taka þessa dagana. Það eru stíf fundahöld hjá verkalýðshreyfingunni alla daga þar sem farið er yfir einstaka mál og hvað hægt sé að gera til þess að verja félagsmenn þeim áföllum sem þeir verða fyrir.

Ferðapjónustan og það sem henni tengist er alveg stöpp. Ferðamönnum hefur fjölgað mikið síðustu ár svo að mörgum hefur þótt nóg um. Það hafa verið gríðarlegar fjárfestingar í ferðapjónustu og ekki er séð fyrir endann á þeirri stöðu sem greinin er nú í. Ferðapjónustan átti stóran þátt í því að leiða okkur út úr síðustu kreppu. Þrátt fyrir að þessi atvinnugrein er orðin sú stærsta í okkar þjóðarbúi virðist hún standa á mjög veikum grunn og óvissan er mikil.

Stjórnvöld hafa kynnt efnahagspakka 1 og 2 vegna COVID-19. Þar kennir ýmissa grasa aðallega varðandi fyrirtækin. Það sem helst kemur inn á borð stéttarfélaganna er vegna hlutabótanna. Það er tímabundin aðgerð sem hugsuð var til þess að fyrirtækin og launafólk gæti haldið ráðningarsambandi og að ekki kæmi til uppsagnar. Atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli. Launafólk getur verið á atvinnuleysisbótum að hluta og í ráðningarsambandi að hluta. Samtök atvinnulífsins „túlkuðu“ þetta strax þannig að hægt væri að fara þessa leið með því að nýta þetta á uppsagnarfresti. Búið er að leiðrétta þetta núna en því miður erum við hjá stéttarfélagunum enn að fá tilkynningar um viðlíka mál. Dæmi eru um að uppsagnarbréf eru dagsett aftur í tímann og taki svo gildi t.d. frá og með 1. apríl sem er í raun bara svindl í formi skjalafals og ekkert annað. Það er einnig dapurleg staðreynd á tímum sem þessum þegar stórfyrirtæki sem greitt hafa milljarða í arð stökkva strax á spena skattgreiðanda kinnroðalaust.

Það er alveg ljóst að með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er ekki



verið að leitast við að tryggja afkomuöryggi t.d. þeirra sem eru með undirliggjandi sjúkdóm, ólétta konur og foreldra sem misst hafa úr vinnu vegna takmarkaðs leikskóla- og skólastarfs. Stuðningur ríkisstjórnarinnar beinist aðallega að fyrirtækjum eftir óljósum leikreglum óháð því hvort þau viðhalda störfum eða fara almennt eftir lögum og reglum á vinnumarkaði. Aðgerðirnar eiga að vera í þágu fólks ekki fjármagns.

Í gegnum tíðina hafa Samtök atvinnurekanda og launafólks verið samband sem allir reyndu að byggja á trausti milli aðila, því ef ekki eru til fyrirtæki verða engin störf. Síðustu misseri hafa Samtök atvinnulífsins (SA) ít-rekað reynt að veikja styrkleika verkalýðshreyfingarinnar/stéttarfélaganna. Mörg fyrirtæki eftir ráðleggingar frá SA hafa t.d. á sama vinnustað reynt að dreifa launafólki í mörg stéttarfélag og þar með veikt samstöðuna. Það hefur jafnvel verið gengið svo langt að banna launafólki að greiða í stéttarfélag. Félagið hefur fengið inn á borð til sín allt of mörg dæmi þess að launafólk er algjörlega réttlaust og erfitt að verja það ef ekki er greitt af því eftir þeim leikreglum sem eru á vinnumarkaði.

Atvinnurekanda ber að fara eftir þeim leikreglum sem gilda á vinnumarkaði og getur ekki ákveðið fyrir hönd starfsmanna fyrirtækisins til hvaða félags þeir eiga að greiða. Stéttarfélagasáðild fer eftir þeim kjarasamningi sem starfið fellur undir og starfssvæðinu. Þegar upp kemur þessi staða eins og í dag fer ekki á milli mála gildi þess að vera félagi í stéttarfélagi er óumdeilanlegt og hefur marg oft sannað sig, sérstaklega á tímum samdráttar.

Það er mörgum spurningum ósvarað varðandi kaup og kjör á þessum skrytnu tímum. Stéttarfélagin hvetja launafólk til þess að hafa samband við sitt félag ef eitthvað er óljóst eða grunur er um að umbrot sé að ræða. Félagin safna saman í gagnagrunn og farið verður yfir það eins fljótt og hægt er.

Það er erfitt að sjá fyrir hvernig þetta fer allt saman en vonandi ber þjóðinni gæfa til að vinna þetta saman á heiðarlegan og sanngjarnan hátt þar sem launafólk verður ekki skilið eftir.

Samstaða okkar launafólks er okkar sterkasta vopn.

Farið vel með ykkur.  
Halldóra Sigr. Sveinsdóttir formaður Bárunnar, stéttarfélags.



## Leikskólinn Heklukot

Sérkennslustjóri - Leikskólakennarar - Deildastjórar

Auglýst er eftir **sérkennslustjóra, leikskólakennurum og deildastjórum** til starfa við leikskólann Heklukot á Hellu í Rangárþingi ytra sem er um 100 km frá Reykjavík. Heklukot er fimm deilda leikskóli með í kringum 80 nemendur frá eins til fimm ára.

Unnið er eftir markmiðum Skóla á grænni grein sem fela í sér sambærilegar áherslur og í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Einnig er unnið eftir markmiðum Heilsustefnunnar sem stuðlar að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

**Í Heklukoti er leikskólakennurum boðið uppá aukinn undirbúningstíma, fá samtals 9 tíma m.v. 100% starf.**

Leitað er að fagmenntuðum, jákvæðum kennurum (eða öðru uppeldismenntuðu fólki), körlum eða konum, með góða samskiptahæfni, eru heilsuhraustir, hafa góða íslenskukunnáttu, sýna frumkvæði, sjálfstæði, hafa metnað fyrir starfi sínu og eru tilbúnir til að vinna að málörvun, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við námskrá og í nánú sambandi við stjórnendur leikskólans.

Aðstoð við leit að húsnæði er í boði sé þess þörf.

Umsókn og ferilskrá óskast send rafrænt á [heklukot@heklukot.is](mailto:heklukot@heklukot.is) fyrir 10. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Auður Erla Logadóttir leikskólustjóri í síma 488 7045, netfang: [heklukot@heklukot.is](mailto:heklukot@heklukot.is) og einnig má sjá upplýsingar um skólann á heimasíðu skólans: [www.heklukot.leikskolinn.is](http://www.heklukot.leikskolinn.is).



# Svo allt gangi smurt í sumar



**NÝTT**  
vinnuföt, hanskar  
og margt fleira  
í boði fyrir bændur  
og verktaka



**Mobil**

## Mobilfluid 426, 20 l

Vnr. 706 472120

Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar. Fæst í 20 og 208 l umbúðum.



## N1 HD UNIVERSAL GREASE EP, 18 kg

Vnr. 0094 0670016

Alhliða smurfeiti með góðu hita-, vatns- og titringsþoli, ásamt öflugum háþrýstibætifnum. Fáanleg í 400 g, 5, 18 og 50 kg umbúðum.



**Mobil**

## Mobil Delvac MX 15W40, 20 l

Vnr. 706 4382820

Mínerölsk olía fyrir flutningabíla og vinnuvélar. Fæst í 4, 20 og 208 lítra umbúðum.



**Mobil**

## Mobilube HD 80W-90, 20 l

Vnr. 706 4238120

Gírolía fyrir mismunadrif og gírkassa í ýmsum bílum. Fæst í 20 og 208 l umbúðum.

**N1 Selfoss**  
Sími: 482 1005

**N1 Hveragerði**  
Sími: 483 4242

**N1** ALLA LEIÐ





**Búslóðaflutningar og vörudreifing**  
**Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas**

**82%**  
Sunnlendinga lesa  
Dagskrána í hverri viku



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

\*samkvæmt Gallup-könnun  
okt.-nóv. 2018.

**Sveitarfélagið**  
**ÁRBORG**

**Kynning á umhverfisstefnu**

Fyrir umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Árborgar liggja nýjustu drög að umhverfisstefnu sveitarfélagsins, sem hefur verið til vinnslu í nefndinni í samstarfi við Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðing. Nefndin hefur ákveðið að kynna umhverfisstefnuna fyrir íbúum Árborgar og gefa íbúum færi á að koma með athugasemdir og ábendingar til umhverfisnefndar á netfangið [mannvirkja.umhverfissvid@arborg.is](mailto:mannvirkja.umhverfissvid@arborg.is). Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Frestur til að koma með athugasemdir og ábendingar rennur út 4. maí nk. Umhverfisnefnd mun síðan taka ábendingar og athugasemdir sem berast nefndinni fyrir á næsta fundi sínum þann 6. maí, áður en umhverfisstefnan verður lögð fyrir til umræðu og samþykktar í bæjarstjórn.

*Umhverfisnefnd*

**Kæru viðskiptavinir**

Opnum aftur mánudaginn 4. maí eftir sex vikna Covid-lokun. Í maí verður einungis tekið við tímapöntunum til að tryggja að hægt sé að virða 2 metra reglu.

Hægt er að bóka á facebook eða í síma 482-2244.

Einnig er hægt að senda sms í 899-2499 eða 861-1921.

Hlökkum til að sjá ykkur

kveðja Björn Ingi, Kjartan, Björn Daði, Guðrún og Mó.

**Rakarastofa**  
**Björns & Kjartans**  
Miðgarði - Selfossi

## Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu

Árið 2019 var okkur í Félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu gott ár, almennt séð.

Starfið blómstraði, sem aldrei fyrr. Það var ágæt þátttaka í öllu tómstundastarfi, sem í boði var.

Almennt handverk var stundað af kappi, svo sem postulínmálun, keramikmálun, þrjón og hekl, útskurður í tré og allt mögulegt þar á milli.

Kórinn Hringur starfaði af miklum krafti, að venju.

Einnig er boocia stundað, bæði á Hellu og Hvolsvelli, boðið upp á göngu í íþróttahúsunum á báðum stöðum. Það er frítt í ræktina á Hvolsvelli að morgni, alla virka daga og margir hafa nýtt sér það. Línudansnámskeið var haldið í mars 2019 og tí stóð að halda annað slíkt núna í mars sl. og einnig námskeið í „gömlu“ dönsunum síðar í vor eða nk. haust en ekkert verður af því að sinni, vegna COVID 19.

Handverkssýningin var haldin 4. og 5. maí 2019 og var glæsileg að vanda.

Sumarstarfið var með svipuðu sniði og áður, við þúttuðum á Strandavelli einu sinni í viku, frá miðjum maí og fram í miðjan september. Boðið var upp á sundleikfimi á Hellu og Hvolsvelli.

Ferðir sumarsins voru dagsferð til Vestmannaeyja í júní, 4 daga ferð á Strandirnar í júlí og

dagsferð í Veidivötn í ágúst, allar ferðirnar vel heppnaðar.

Handverkið byrjaði svo aftur í september. Einnig fór í gang leiklistarnámskeið undir stjórn Margrétar Tryggvadóttur.

Tveir fræðslufundir voru haldnir sl. haust, 14. okt. kom Kolbrún Stefánsdóttir frá félaginu Heyrna hjálp og ræddi um þjónustu við heyrna skerta. Einnig komu fulltrúar frá félaginu Heilaheill þeir Þórir Steingrímsson og sr. Baldur Kristjánsson og ræddu um slag og afleiðingar þess, einnig kynntu þeir snjallsímaforrit sem tengt er við 112.

Hinn fræðslufundurinn var haldinn 11. nóv, þar sem Lilja Margrét Olsen héraðsdómslögmaður kom og fræddi okkur um erfðamál. Allt voru þetta fróðleg og góð erindi. Árshátíðin var haldin í byrjun október, í Íþróttahúsinu í Þykkvabæ, farið var á söngskemmtun Álftagerðisbræðra í Hörpu og jólahlaðborð á Hótel Rangá í desember.

Svo gekk árið 2020 í garð, við stjórnin höldum okkar mánaðarlegu stjórnarfundi í jan. og feb.

Farið var á leiksýningu í Aratungu, rétt fyrir samkomubann, sem við settum á í okkar félagi 9. mars sl.

Síðan hefur starfsemi félagsins legið í dvala og allt frestast

Guðrún  
Aradóttir

Formaður FEB  
Rangárvallasýslu



um óákveðinn tíma s.s. aðalfundurinn, sem fyrirhugaður var 26. mars sl. en verður haldinn svo fljótt, sem auðið er.

Ég hef nú stiklað á stóru um starfsemi félagsins frá aðalfundi 2019.

Þar sem ég mun hætta sem formaður FEB Rang. á næsta aðalfundi reikna ég með að þetta verði minn síðasti fréttapistill frá félaginu.


Ég vil því nota tækifærið og þakka félögum mínum í stjórn, fyrr og síðar, og ykkur öllum kæru félagar í FEB Rang. fyrir gott samstarf, umburðarlyndi, vináttu og velvilja í minn garð þessi 6 ár sem ég hef gegnt starfi formanns. Ég vona að starfsemi félagsins verði áfram vel lifandi og kröftug eins og verið hefur frá stofnum þess 1993. Við verðum svo öll að hlýða Víði og vera heima eins og hægt er og passa okkur. Þá komumst við yfir þetta ömurlega ástand, sem COVID-19 veiran veldur og verið og sumarið tekur við.

Lifið heil. Gleðilegt sumar.

## Alþjóðlegi plokkgdagurinn

Víða var tekið til hendinni á alþjóðlega plokkgdegnum og ófáir ruslapokar af sorpi úr umhverfinu fara nú sína leið í endurvinnslu eða förgun. Í Árborg tóku margir þátt og árangurinn er augljós, hreint og

snyrtilegt umhverfi. Hjá Selfosskirkju mætti vaskur hópur sókarnefndarmanna, starfsfólks og velunnara kirkjunnar og tók til í kirkjugarðinum. Myndirnar eru frá plokkgdegnum í Selfosskirkju.



Gestur Kristjánsson og Einar Sigurðsson taka fyrstu skóflustunguna.

## Fyrsta skóflustungan tekin að stækkun Egilsbrautar 9

Ásumardaginn fyrsta tóku þeir Gestur Þór Kristjánsson forseti bæjarstjórnar og Einar Sigurðsson formaður öldungaráðs fyrstu skóflustunguna að fyrsta áfanga í stækkun Egilsbrautar 9 í Þorlákshöfn.

Byggingin er á einni hæð með góðu aðgengi að þeirri þjónustu sem veitt er að Egilsbraut 9. Íbúðirnar eru bjartar og fallegar tveggja herbergja íbúðir, rétt tæplega 50 fermetrar og svipar að mörgu leyti til núverandi leiguíbúða í sama fjölbýlishúsi.





Sérð þú tækifæri á innlendum markaði ferðamanna í sumar?

Er unnt að hagnýta einhver tækifæri í þínum rekstri á þessum tímum?

Er þörf á fjárhagslegri endurskipulagningu?

Eru markaðsáætlanir tilbúnar gagnvart erlendum ferðamönnum þegar glugginn opnast að nýju?

# SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Sóknarfæri ferðaþjónustunnar er áhersluverkefni á vegum Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) og nýr samkeppnissjóður Sóknaráætlunar Suðurlands vegna COVID 19. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni starfandi ferðaþjónustufyrirtækja og fyrirtækja sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðaþjónustu.

- › Veittir verða verkefnastyrkir að upphæð 500.000 krónur
- › Handleiðsla ráðgjafa á vegum SASS til stuðnings verkefninu
- › Aðgengi að sértækri fræðslu og sérfræðiþjónustu

## Markmið Sóknarfæra ferðaþjónustunnar

- › Styrkja við starfandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi
- › Styrkja við verkefni fyrirtækja til markaðssóknar og hagnýtingar tækifæra
- › Til að bregðast við erfiðleikum í rekstri



Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 12. maí næstkomandi.

Umsóknir skilast inn á [sass.is](http://sass.is)



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga • Austurvegi 56 – 800 Selfoss • sími 480 82 00 • [sass.is](http://sass.is) • [styrkir@sass.is](mailto:styrkir@sass.is)



## REKSTRARLAND Á SELFOSSI ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olúr á vélarnar, Ecolab lágþrýstipvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.

SENDUM  
UM LAND  
ALLT!

ECOLAB



Nilfisk



TROJAN  
BATTERY COMPANY



EXIDE  
TECHNOLOGIES



ECOLAB



TEXACO



Pantanir í síma 515 1100  
og [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is)

Rekstrarland | Arnberg | 800 Selfoss | 480 1306 | [rekstrarland.is](http://rekstrarland.is)





**FUNDIR**

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**  
 Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
 Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
 Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
 Mán. kl. 21 - AA fundur  
 Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
 Lau. kl. 21 - AA Öpinn fundur  
 Sun. kl.11 - AA fundur  
 Sun. kl. 21 - AA fundur  
 AA Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
 Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
 Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
 Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands**  
 Miðvikudaga kl. 10-14  
 Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)  
 Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
 facebook.com/batasetur

**BÍLAR**

**KIETTUR**  
 Bifreiðaverkstæði  
 Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
 Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílavíðgerðir.  
 Hjólastillingar  
**HEKLA** Dekkja- og smurþjónusta Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
 Gagnheiði 11  
 800 Selfossi  
 Sími 482 2200  
 GSM 894 2277  
 Fax 482 2777  
 Yfirbyggingar – Réttingar  
 Bílamálun – Rúðuskipti

**DFS.IS**  
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS  
**Hafðu samband**  
 Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

**ÞJÓNUSTA**

**BR FLUTNINGAR**  
  
**S: 662-1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOSS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**ICECOOL**  
 Bifreiða- og breytingaverkstæði  
 Gagnheiði 51, Selfossi  
 Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**  
**Bókhald • Framtöl • Skattskil**  
**Launavinslur • Ráðgjöf o.fl.**  
 Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is  
**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddy ehf.**  
 Eyraveggi 27 - 800 Selfoss  
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
**Bókhald - ráðgjöf skattskil**  
**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**  
**Persónuleg þjónusta**

**Siggi á þakinu**  
 PVC dúkur á þök og svalir.  
 Nýlagnir og viðgerðir.  
**Sími 692 6415**  
**ExFlex ehf.**

**Siggi garðálfur**  
 Garðasnyrting, tré, runnar og kantskurður.  
**Sími 692 6415**  
**ExFlex ehf.**

**KIRKJUR**

**Víkurstakall**  
 Helgistund verður send út frá Víkurkirkju í Mýrdal næsta sunnudag, 3. maí 2020 kl. 14.00 sem öll sóknarbörn prestakallsins eiga að geta nýtt sér (kannski með smá hjálp frá ættingjum). Brian R. Haroldsson og fleiri annast tónlistina. Streymt verður á netinu og upplýsingar um hlekkinn sem hægt er að fara inn á verða birtar á síðunni Víki-Pedía á Facebook og á persónulegri Facebook-síðu undirritaðs. Hlákka til að geta „hitt“ ykkur á netinu. Það stýttist í að við getum svo komið öll saman í kirkjunni eins og áður.  
 Haraldur M. K., sóknarprestur.

# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Tökum fagnandi mót sumri Æfingar hjá Umf. Selfoss frá 4. maí

**UMF. SELFOSS** Það voru svo sannarlega gleðitíðindi sem bárust okkur í lok vetrar þegar heilbrigðisráðherra kynnti breytingar á samkomubanni. Í því felst að fjöldamörk samkomubanns hækka úr 20 í 50 manns 4. maí næstkomandi. Frá sama tíma falla alveg niður takmarkanir við íþróttaiðkun og æskulýðsstarf barna á leik- og grunnskólaaldri. Það þýðir að íþróttastarf yngri iðkenda Umf. Selfoss fer aftur í fullan gang mánudaginn 4. maí.

Á sama tíma geta æfingar fullorðinna einnig farið í gang en þurfa að lúta skilyrðum. Þar á meðal mega mest sjö einstaklingar vera með þjálfara á útsvæði sem miðast við hálfan fótboltavöll en fjórir með þjálfara á innisvæði sem miðast við handboltavöll. Notkun á búningaöstöðu innanhúss er óheimil og hvatt til að tveggja



metra náandarreglan verði virt. Frá lokum mars hafa deildir Umf. Selfoss veitt iðkendum þjónustu í formi fjarþjálfunar til að koma til móts við iðkendur í samkomubanni. Yfirþjálfarar í samstarfi við stjórnir og þjálfara deilda eru á fullu að skipuleggja starfsemi okkar í samráði við forsvarsmenn íþróttamannvirkja á Selfossi. Mun yfirþjálfari hverrar deildar fyrir sig senda frá sér tilkynningu um nánara

metra náandarreglan verði virt. Horft er til þess að æfingar verði í samræmi við æfingatíma vetrarins en þó alltaf í samræmi við tilmæli sóttvarnalæknis.

Að ýmsu er að hyggja fyrir stjórnendur og þjálfara félagsins þegar íþróttastarf fer í gang á ný, gleðinni og félagsskapnum sem fylgir ábyrgð. Umf. Selfoss treystir deildum félagsins fullkomlega til að finna bestu mögulegu lausnirnar fyrir alla aldurshópa með það að leiðarljósi að allir séu með og enginn iðkandi skilinn útundan í starfinu.

Félagið vill koma á framfæri þakklæti til þjálfara, iðkenda og forráðamanna sem hafa brugðist einstaklega vel við fordæmalausum aðstæðum, verið lausnamiðaðir í leiðum til að sinna æfingum með hag samfélagsins að leiðarljósi.

Þjálfarar Umf. Selfoss hlakka mikið til að taka á móti iðkendum okkar aftur.



**Vinningaskrá í Vorhappdrætti handknattleiksdeildar Umf. Selfoss 2020**

Deild	1. Vinnandi	2. Vinnandi	3. Vinnandi	4. Vinnandi
1. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
2. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
3. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
4. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
5. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
6. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
7. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
8. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
9. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss
10. Deild	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss	UMF Selfoss

### Vorhappdrætti í lofti

**HANDBOLTI** Hið árlega vorhappdrætti handknattleiksdeildar er farið í gang og vinningarnir hinir glæsilegustu, heildarverðmæti þeirra er yfir 1,1 milljón króna og sem dæmi má nefna gistingu fyrir tvo á Hótel Rangá, snjó-sleðaferð upp á jökul og sumar-kort á hjá Golfklúbbi Selfoss  
 Happdrættismiðinn kostar kr. 1.500 og er hægt að kaupa miða af iðkendum handknattleiksdeildarinnar. Dregið verður þann 6. maí úr seldum miðum.  
 Nú reynir á okkur öll, við treystum á þinn stuðning. Áfram Selfoss.

### Leikmenn mánaðarins hjá knattspyrnudeild UMFS

**UMF SELFOSS 1936** Leikmenn mánaðarins **UMF SELFOSS 1936**  
 Knattspyrnudeild Selfoss  
 Apríl 2020



**Sara Rún Auðunsdóttir**  
 Leikmaður 6. flokks kvenna



**Kári Einarsson**  
 Leikmaður 6. flokks karla

selfossfotbolti selfoss.net/knattspyrna



# Sóknarfæri ferðapjónustunnar á suðurlandi

65 milljónir í nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS - til stuðnings ferðapjónustunni á Suðurlandi vegna COVID-19 veirunnar.

**Verkefnið Sóknarfæri ferðapjónustunnar** er nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Stjórn SASS samþykkti á fundi sínum 22. apríl sl. að hrinda verkefninu af stað til að styðja við starfandi fyrirtæki í ferðapjónustu á Suðurlandi, sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi vegna COVID-19. Heildarframlag SASS til verkefnisins eru 65 m.kr. Verkefnið skiptist í þrjá eftirfarandi verkþætti:

1. **Stuðningur við markaðssókn landshlutans** gagnvart innlendum ferðamönnum í sumar sem unnið verður að á vegum Markaðsstofu Suðurlands. Verkefnið fylgir áherslum ríkisins

um að styðja við innlenda ferðapjónustu á þessu ári. Rekstraráðilar og sveitarfélög eru hvött til að taka þátt í átakinu og auka þar með slagkraft þess. Heildarframlag SASS til þessa átaks er 8 m.kr.

2. **Stofnun nýs samkeppnissjóðs** Sóknaráætlunar Suðurlands undir heitinu Sóknarfæri ferðapjónustunnar, þar sem fyrirtæki í ferðapjónustu og fyrirtæki sem hafa megin tekjur sínar af ferðamönnum og ferðapjónustu geta sótt um verkefnastyrki að fjárhæð 500 þ.kr. Samhliða því að styrk mun fyrirtækjum standa til boða handleiðsla og ráðgjöf á vegum SASS, aðgengi að sérfræðipjónustu og sérsniðinni fræðslu út frá þörfum umsækjenda. Til úthlutunar í formi verkefnastyrkja verða samtals 48 m.kr og markmiðið er að styðja 96 fyrirtæki.

3. **Fræðsla og miðlun þekkingar** til ferðapjónustufyrirtækja, s.s. sérhæfð námskeið og sér-

fræðipjónusta til handa styrkþegum sem tengjast úrræðinu hér að framan. Auk þess verður boðið upp á ýmis opin námskeið, fyrirlestra og stuðningsefni. Heildarkostnaður fræðsluþáttarins er áætlaður 8 m.kr. Auk kynningar á átakinu 1 m.kr.

## Viltu taka þátt í að kynna áfangastaðinn Suðurland?

Fyrirtæki eru hvött til að vinna að markaðssetningu gagnvart innlendum ferðamönnum í sumar. Rekstraráðilar eru hvattir til að setja sig í samband við Markaðsstofu Suðurlands og taka þátt í kynningarverkefnum þeirra fyrir landshlutann. Fyrirtæki geta jafnframt sótt um styrk hjá SASS til að vinna að slíkum verkefnum.

## Viltu sækja um verkefnastyrk?

Nýr sjóður hefur verið settur á laggirnar í tengslum við áhersluverkefnið og geta fyrirtæki í ferðapjónustu sótt um verkefna-

styrki til að vinna að eigin verkefnum. Ópið verður fyrir umsóknir í sjóðinn til kl. 16:00 þann 12. maí næstkomandi. Úthlutunarreglur og nánari upplýsingar eru að finna á vef SASS (sass.is). Eru fyrirtæki hvött til að nýta sér úrræðið og setja sig í samband við ráðgjafa á vegum SASS.

## Viltu þiggja fræðslu?

Samhliða ofangreindum aðgerðum verða ýmis fræðsluverkefni í boði fyrir fyrirtæki á Suðurlandi. Við mælum því með að fylgst sé með tilkynningum á vef SASS, skráið ykkur á póstlista SASS eða fylgist með á fésbókarsíðu SASS.

## Opnir kynningarfundir

Nánar verður farið yfir verkefnið á opnum kynningarfundum fyrir ferðapjónustuaðila á næstu dögum. Fundirnir verða með rafrænum hætti fyrir viðkomandi svæði á eftirfarandi tímum.

„**Austursvæði**“ A-Skaftafells-sýsla  
Miðvikudagur 29. apríl kl. 14:00.

„**Miðsvæði**“ Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla og Vestmannaeyjar  
Fimmtudagurinn 30. apríl kl. 13:00.

„**Vestursvæði**“ Árnessýsla  
Fimmtudagurinn 30. apríl kl. 10:00.

Skráning á fundina fer fram á heimasíðu SASS. Jafnframt veita ráðgjafar á vegum SASS nánari upplýsingar ásamt undirrituðum.

*Dórður Freyr Sigurðsson,*  
sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS  
(thordur@sass.is).

*Dagný H. Jóhannsdóttir,* framkvæmdarstjóri Markaðsstofu Suðurlands (dagny@south.is).

# Ferðapjónusta til framtíðar

**Dagný H. Jóhannsdóttir**

Framkvæmdarstjóri Markaðsstofu Suðurlands



Á tímum sem þessum er gott til þess að hugsa að sunnlensk ferðapjónusta hefur verið byggð upp af fagmennsku og framsýni á löngum tíma. Frumkvæði, nýsköpun, seigla og dugnaður aðila hefur komið Suðurlandi á kortið sem áfangastað ferðamanna sem eftir er tekið víða um heim. Landshluttinn skartar fjölda þekkra náttúruperla sem fyrst og síðast laða ferðamenn til landsins og þaðan inn til landshlutans. Þar hefur gestum gefist kostur á að upplifa landshlutann með ýmsum hætti m.a. í gegnum fjölbreytta afþreyingu, menningu og matarupplifun.

Með öflugri vörubróun og markaðssetningu hefur okkur á Suðurlandi tekist að byggja upp öflugan heilsárs atvinnugrein. Það hefur skapað ný tækifæri fyrir byggðalög sem svo er forsenda fjölbreytts mannlífs og framgangs samfélaga.

Á þessum fordæmalausu tímum sem við lifum nú, á Suðurland mikið undir því hvernig málin þróast. Áhrifin á fyrirtækin, sem mörg hver eru lítil og meðalstór fjölskyldufyrirtæki, eru og verða gríðarleg. Ljóst er að ekki verður hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á rekstur þessara fyrirtækja í þeirri alheimskreppu sem nú gengur yfir og munu áhrifin koma niður á Suðurlandi líkt og annars staðar. Engu að síður er mikilvægt

á þessum tímum að miða ákvarðanir og aðgerðir að þeirri sviðsmýnd sem við viljum sjá við enda ganganna. Hvers konar atvinnugrein viljum við sjá að þessu tímabili loknu og hvers konar áfangastað viljum við eiga þegar stormurinn er liðinn hjá?

Því skiptir máli að tekin sé ákvörðun um að standa vörð um fyrirtækin á landsbyggðinni. Ekki eingöngu til að tryggja að áfangastaðurinn sé í raun til staðar þegar um hægist heldur einnig útfrá byggðasjónarmiðum. Stjórnvöld geta nefnilega með aðgerðum sínum eða þeirri ákvörðun að ráðast ekki í aðgerðir, haft áhrif á þá útkomu. Standa þarf vörð bæði um þau samfélög og þau fyrirtæki sem hafa verið byggð upp undanfarin ár af þeirri elju og seiglu sem áður gat um. Því þegar um hægist eigum við eftir að standa frammi fyrir gríðarlegri samkeppni við önnur lönd og áfangastaði sem einnig munu berjast um athygli og áhuga fólks til ferðalaga. Þá mun skipta máli að til staðar séu samfélög og fyrirtæki til að taka á móti ferðamönnum af þeirri

þekkingu og reynslu sem hefur verið byggð upp síðustu ár.

Aðgerðir stjórnvalda á tímum sem þessum skipta sköpum og þá ekki bara fyrir Suðurland eða sunnlensk fyrirtæki. Mikilvægt er að slá skjaldborg um fyrirtækin í landinu og þar með samfélögin og heimilin. Þá þarf að líta til lengri tíma eða allavega fram að næsta sumri. Með því að tryggja rekstrarhæfi fyrirtækja í greininni skapast grundvöllur fyrir þau til að halda sjó, tryggja að þekking og reynsla haldist innan fyrirtækjanna sem munu, nú sem fyrr, nýta krafta sína í vörubróun, nýsköpun og markaðssetningu til framtíðar. Mun það ekki einungis halda lífi í byggðunum, heldur vera grunnforsenda þess að áfangastaðurinn Ísland og þar með Suðurland sé í stakk búið að komist hratt og vel útúr lægðinni sem nú geisar. Gríðarleg mistök yrðu fölgin í því að tapa þeirri þekkingarauðlind sem byggð hefur verið upp í greininni síðustu ár og áratugi og í raun skilja milli feigs og ófeigs í alþjóðlegri samkeppni áfangastaða næstu misserin.



**Blásteinn Byggingafélag óskar eftir að ráða smiði eða verkamenn vana byggingarvinnu**

Upplýsingar í síma 896 5793 Ólafur



**Blásteinn Byggingafélag**  
blasteinnbygg@simnet.is

## Útboð vegna tæmingar á rotþrómi í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra

Sveitarfélögin Rangárþing eystra og Rangárþing ytra óska eftir tilboðum í verkið „Tæming og skráning rotþróa“, í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Samningstímabil þessa útboðs er frá 15. júní 2020 – 14. júní 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með 23. apríl 2020. Vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið tomas@ry.is eða ulfar@hvolsvollur.is og óskið eftir gögnum.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings ytra fyrir kl. 11:00, þriðjudaginn 19. maí 2020, merkt „Tæming og skráning rotþróa“. Einnig má skila inn tilboðum á rafrænu formi á fyrrgreind netföng. Tilboð verða opnuð samdægurs á fjárfundi kl. 11:10.



**Sveitarstjórnin í Rangárþingi eystra**  
**Sveitarstjórnin í Rangárþingi ytra**





## Hótel og mathöll í byggingu í Hveragerði

Í Hveragerði er nú í uppbyggingu nýr og spennandi áningarstaður við aðalgötu bæjarins sem ber heitið Gróðurhúsið og er áætluð opnun haustið 2020. Hafa framkvæmdir á þessum reit vakið nokkra athygli og því er ekki úr vegi að gera grein fyrir þeirri byggingu sem þarna mun rísa og setja mun áberandi svip á aðkomuna inn í bæjarfélagið.



innar og býður uppá nýja og nútímalega nálgun fyrir gesti sína. Í byggingunni verður einnig að finna afþreyingu, verslun og ferðaþjónustu með áherslu á nærumhverfið og hið fallega umhverfi Hveragerðisbæjar.

### Vinsældir Hveragerðis mun fara vaxandi

Hveragerði er eina bæjarfélagið á Íslandi sem byggst hefur í kringum þá náttúrulegu auðlind sem jarðhitinn er og hefur á undanförunum áratugum áunnið sér orðspor sem bær heilsu, gróðurs og lista. Þannig hefur Hveragerði orðið vinsæll og

einstakur áningarstaður ferðafólks sem sótt hefur í að njóta þessarar sérstöðu.

Það er óhætt að segja að margir hafa fylgst spenntir með framkvæmdum á þessum áberandi stað í bæjarfélaginu og er ekki að efa að þarna muni myndast lifandi og fjölbreyttur áningarstaður fyrir íbúa og aðra gesti Suðurlands en með þessari viðbót við fjölbreytta flóru afþreyingar og veitingastaða verður Hveragerði enn ákjósanlegri staður fyrir sunnudagsrúntinn og eins þegar Suðurland er sótt heim.



Myndin er síðan 1970 og tók Þorvaldur Ágústsson frá Ásum hana.

## Félagsheimilið Árnes 50 ára á sumardaginn fyrsta

Á sumardaginn fyrsta 1970 var Félagshimilið Árnes vígt og tekið formlega í notkun og er því 50 ára.

Húsið varð til þess að blómaskeið menningar- og félagslífs Gnúpverjahrepps rann upp því húsið var hið glæsilegasta á alla lund. Leiksvið hússins var það næst stærsta á landinu með 7 metra lofthæð og fullkomnum búningsherbergjum. Leiksvið Þjóðleikhússins var einungis stærra, og kom Þjóðleikhúsið með sýningar og setti upp í Félagshimilinu. Þar fóru t.d. á

kostum Bessi Bjarnason, Gíslí Halldórsson og margir fleiri. Félagshimilið leysti af Ásaskóla sem samkomuhús sveitarinnar. Félagshimilið Árnes heldur enn stöðu sinni sem samkomuhús, með 360 manns í sæti en þar eru nú einnig skrifstofur sveitarfélagsins, skólamötu-neyti fyrir grunn- og leikskólann, íþróttir grunnskólans eru kenndar í húsinu og upplýsingamiðstöðin Þjórsárstofa er þar og veitingasala hefur oft verið þar. Leiksyningar eru settar upp af Ungmennafélagi Gnúpverja

sem hefur verið duglegt og gefandi í gegnum árin ásamt Kvenfélagi Gnúpverja sem gaf mikið til hússins, sérstaklega á árum áður. Þá eru söngæfingar, fundir og alls kyns samkomur einnig haldnar í húsinu.

Gleðilegt sumar og kærar þakkir fyrir veturinn sem hefur óneitanlega verið öðruvísi og því miður mörgum erfiður.

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

**Josera**  
Gæludýrafóður  
Fæst hjá  
**BYKO Selfossi**

**expert kæling**  
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar ráflagnir

**VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
**Efnissala Rennismiði Innrétingar Járnsmiði**  
Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

**Slökkvitæki ehf**  
Hleðsla - Sala - Þjónusta  
Austurvegi 52 - Selfossi Sími 666 9990  
Verslum við litla manninn

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
**HM**  
Hjólbarðar Smurþjónusta Betri vörur - betra verð

**Jiibbiíi**  
**Siggafærdiz**  
- Flutningapjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Sprettur**  
**ÁBURÐUR**  
Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Rétting og málun**  
Vottað rétttingaverkstæði Cabas tjonaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
☎ 480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti**  
**Bilverk BA**  
- þar sem fagmennskur vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**FYLGDI**  
Útfararpjónusta  
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**Lagnapjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími  
**25. ára**

**BÓNFEÐGAR**  
  
Gagnheiði 51 - Selfossi  
Símar 482 2327 - 848 2327  
- Sækjum og skilum -

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið á netinu!  
www.vinnuvelaskolinn.is